

Afgreidd mál

1. Reikningar Bændasamtaka Íslands

Gögn lögð fyrir þingið

Reikningar Bændasamtaka Íslands 2008

Fjárhagsnefnd búnaðarþings leggur til að búnaðarþing 2009 samþykki reikninga Bændasamtaka Íslands, Nautastöðvarinnar á Hvanneyri og Þorleifskoti fyrir árið 2008 eins og þeir liggja fyrir á þingskjali 1.

Arnar Bjarni Eiríksson
Fanney Ólöf Lárusdóttir
Gísli J. Grímsson
Guðmundur Gr. Guðmundsson
Þorsteinn Kristjánsson

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009

Gögn lögð fyrir þingið

Ályktun

Fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ á Hesti fyrir árið 2009

Búnaðarþing 2009 samþykkir fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ á Hesti eins og hún liggur fyrir.

Arnar Bjarni Eiríksson
Fanney Ólöf Lárusdóttir
Gísli J. Grímsson
Guðmundur Gr. Guðmundsson
Þorsteinn Kristjánsson

3. Jafnrétti til náms

Erindi Landssamtaka Sauðfjárbænda

Búnaðarþing 2009 skorar á menntamálaráðherra og fjármálaráðherra að tryggja jafnan rétt ungmenna til framhaldsnáms óháð búsetu. Námsstyrki þarf að hækka enn frekar til að jafna þann fjárhagslega aðstöðumun sem er vegna búsetu.

Greinargerð

Sjaldan eða aldrei hefur verið eins mikilvægt og nú að standa vörð um að ungmenni á landsbyggðinni geti stundað framhaldsskólanám fjarri heimabyggð.

Efnahagur heimilanna er nú víða bágborinn og því nauðsynlegt að styðja enn frekar við þau svo framhaldsskólanemendur hætti ekki námi vegna bággrar fjárhagsstöðu. Þó að nú þrengi að í samfélaginu má það ekki verða til þess að ungt fólk glati tækifærinu til að mennta sig.

Ályktun

Um jafnrétti til náms

Markmið

Búnaðarþing 2009 ítrekar mikilvægi þess að tryggja jafnan rétt ungmenna til framhaldsnáms, óháð búsetu.

Leiðir

Að hækka námsstyrki, til nemenda í dreifbýli, til þess að jafna fjárhagslegan aðstöðumun þeirra til náms, er skjótvirkasta leiðin til árangurs.

Framgangur máls

Búnaðarþing 2009 felur stjórn BÍ að vinna að framgangi þessa máls við fjármála- og menntamálaráðherra.

Baldvin K. Baldvinsson
Bjarni Ásgeirsson
Jóhann Már Jóhannsson
Marteinn Njálsson
Sigríður Bragadóttir
Sveinn Ingvarsson
Þórhallur Bjarnason

4. Stoðþjónusta á landsbyggðinni

Erindi Landssamtaka Sauðfjárnænda

Búnaðarþing 2009 skorar á stjórnvöld að tryggja að öll grunnþjónusta á landsbyggðinni, eins og heilsugæsla, grunnskóli, löggæsla og bankþjónusta, verði ekki skert meira en orðið er. Jafnframt eru stjórnvöld hvött til að standa við loforð varðandi bættar nettengingar í dreifbýli á sambærilegu verði og hinn almenni notandi í þéttbýli býr við.

Greinargerð

Á undanförunum árum hefur opinber stoðþjónusta í dreifbýli dregist verulega saman á mörgum sviðum. Slíkt hefur m.a. gerst vegna mikillar þenslu á höfuðborgarsvæðinu, sem nú hefur stöðvast og vegna þess að framleiðslugreinarnar á landsbyggðinni voru ekki ofarlega í forgangsröð samfélagsins. Á tímum vaxandi atvinnuleysis og gjaldeyrishafta er hins vegar brýnna enn nokkru sinni fyrr að standa vörð um innlenda framleiðslu og þau störf sem henni fylgja. Til þess þarf að gæta að því að þau samfélög sem byggja á þessum greinum búi við eðlilega stoðþjónustu af hálfu hins opinbera og að íbúar hafi kost á sömu fjarskiptamöguleikum og aðrir landsmenn.

Ályktun

Grunnþjónusta á landsbyggðinni

Markmið

Búnaðarþing 2009 skorar á ríki og sveitarfélög að tryggja að grunnþjónusta eins og heilsugæsla, grunnskóli og löggæsla á landsbyggðinni verði ekki skert frekar en orðið er.

Leiðir

Að tryggja fjármagn til grunnþjónustu á landsbyggðinni til jafns við sambærilega þjónustu í þéttbýli.

Framgangur máls

Búnaðarþing 2009 felur stjórn BÍ að vinna að framgangi þessa máls við stjórnvöld.

Baldvin K. Baldvinsson
Bjarni Ásgeirsson
Jóhann Már Jóhannsson
Marteinn Njálsson
Sigríður Bragadóttir
Sveinn Ingvarsson
Þórhallur Bjarnason

5. Aðild að ESB

1. Erindi búnaðarþingsfulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands 2009

Búnaðarþing 2009 leggst gegn inngöngu Íslands í ESB.

Greinargerð

Að undanfögnu hafa farið fram heitar umræður um aðildarviðræður við ESB. Segja má að þessi ógn hafi vofað yfir íslenskum landbúnaði nú um nokkra hríð. Samtök bænda, afurðastöðvar o.fl. aðilar hafa eftir bestu getu aflað sér upplýsinga um hugsanlegar afleiðingar aðildar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir virðist morgunljóst að áhrif aðildar hafa mjög afdrifaríkar afleiðingar á möguleika íslensks landbúnaðar og þær starfsgreinar sem landbúnaðinum fylgja.

2. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Búnaðarþing 2009 lýsir sig mótfallið aðild að ESB og leggst gegn því að hafnar verði aðildarviðræður við sambandið. Því felur þingið stjórn BÍ að vinna áfram einarðlega gegn aðildarumsókn.

Greinargerð

Með aðild myndu Íslendingar láta af hendi yfirráðin yfir fiskimiðum sínum leggja landbúnað sinn að miklu leyti í rúst og þar með fórna matvælaöryggi sínu, og stefna í hættu viðskiptahagsmunum utan ESB. Aðild að myntbandalagi ESB kemur vart til greina meðan fjármál þjóðarinnar eru í ólestri og mun því ekki verða til hjálpar við að koma þeim í viðunandi horf. Samningsstaða okkar í aðildarviðræðum væri afar bágborin við núverandi afleiðingar á möguleika íslensks landbúnaðar og þær starfsgreinar sem landbúnaðinum fylgja.

Ályktun

Aðild að ESB

Markmið

Búnaðarþing 2009 leggst eindregið gegn því að Ísland gerist aðili að ESB og hafnar aðildarviðræðum við sambandið.

Leiðir

Búnaðarþing hvetur stjórn BÍ til að halda áfram því öflugra kynningarstarfi sem fram hefur farið á afstöðu til aðildar að ESB.

Baldvin K. Baldvinsson
Bjarni Ásgeirsson
Jóhann Már Jóhannsson
Marteinn Njálsson
Sigríður Bragadóttir
Sveinn Ingvarsson
Þórhallur Bjarnason

6. Brunavarnir

Erindi Búnaðarsambands Austurlands um brunavarnir í sveitum

Búnaðarsamband Austurlands beinir því til búnaðarþings að það hlutist til um að gerðar verði úrbætur á brunavörnum í sveitum, bæði í gripahúsum, íbúðarhúsnæði og ekki síður hvað varðar sinueldahættu.

Greinargerð

Alvarlegir brunar í gripahúsum, flestum nýjum eða nýlegum, vekja spurningar um brunavarnir og frágang rafmagns. Enn fremur kallar stóraukin skógrækt og friðun lands á bættar brunavarnir í náttúrunni og hvort tekið sé tillit til brunavarna við skipulag skógræktar. Mikilvægt er að bændur eigi aðgang að ráðgjöf til að bæta brunavarnir án þess að með því verði bætt á hið þunga eftirlitskerfi sem landbúnaður sem atvinnugrein býr við.

Ályktun

Brunavarnir

Markmið

Búnaðarþing 2009 beinir því til stjórnar BÍ að beita sér fyrir úttekt og úrbótum á brunavörnum í dreifbýli.

Leiðir

Það er eðlilegt að BÍ beiti sér fyrir markvissri fræðslu um brunavarnir með áherslu á þau atriði sem oftast skapa hættu. Í kjölfar fræðsluherferðar þarf að virkja brunavarnir viðkomandi svæða til að gera úttekt og tillögur um úrbætur. Nauðsynlegt er að kanna ástand raflagna með reglubundnum hætti, einkum í útihúsum. Landssamtök skógarbænda hafa þegar beitt sér fyrir átaki í brunavörnum í skógrækt.

Framgangur

Lagt er til að fræðsluefni verði birt reglulega í Bændablaðinu. Brunavarnir eru á ábyrgð sveitarstjórna og því er eðlilegt að þær tryggi nauðsynlegt eftirlit.

Baldvin K. Baldvinsson
Bjarni Ásgeirsson
Jóhann Már Jóhannsson
Marteinn Njálsson
Sigríður Bragadóttir
Sveinn Ingvarsson
Þórhallur Bjarnason

7. Póstþjónusta

Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Búnaðarþing 2009 mótmælir harðlega þeirri skerðingu á pósthjónustu sem Íslandspóstur er að hrinda í framkvæmd víða á landsbyggðinni.

Greinargerð

Sú skerðing á þjónustu við íbúa sem um ræðir er þrjúþætt. Í fyrsta lagi er verið að loka póstafræiðslum víða út um land og er það óboðlegt að íbúar í sveitum og minni þéttbýlisstöðum þurfi að aka hátt á annað hundrað kílómetra í næstu póstafræiðslu. Í öðru lagi er um að ræða fækkun á póstdreifingardögum úr 5 í 3 í mörgum sveitum og í þriðja lagi hefur verið komið upp póstkössum við afleggjara heim að bæjum og pósturinn skilinn þar eftir og eru dæmi um að íbúar þurfi að aka 12 km vegalengd til að ná í póstin.

Í 6. gr. laga um pósthjónustu nr 19 frá 18. mars 2002 segir:

"Íslenska ríkið skal tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði."

Í reglugerð nr. 364/2003 um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu segir

"Eftirfarandi kröfur eru gerðar til pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu:

1. Þjónustan skal uppfylla grunnkröfur, eins og þær eru skilgreindar í lögum um pósthjónustu á hverjum tíma og aðrar þær kröfur sem yfirvöld gera til pósthjónustu með stoð í grunnkröfum.
2. Öllum notendum, sem búa við sambærilegar aðstæður, standi til boða samskonar þjónusta.
3. Þjónustuna skal veita án mismunar.
4. Þjónustan má ekki stöðvast nema af ófyrirséðum ástæðum.
5. Þjónustan skal þróast í takt við tækni-, hagfræði-, og félagslegt umhverfi og þarfir notenda"

Túlkun Íslandspósts og Póst- og fjarskiptastofnunar á lögum nr. 19. frá 18. mars 2002 um pósthjónustu og reglugerð 364/2003 um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu veldur óþolandi mismunun og þjónustuskerðingu við stóran hóp fólks á landsbyggðinni.

Ályktun

Póstþjónusta

Markmið

Búnaðarþing 2009 leggst eindregið gegn þeirri skerðingu á pósthjónustu sem Íslandspóstur áformar og hefur þegar framkvæmt víða á landsbyggðinni.

Leiðir

Að tryggja fjármagn og pólitískan vilja þannig að veita megi fullnægjandi póstpjónustu í dreifbýli.

Framgangur máls

Búnaðarþing 2009 felur stjórn BÍ að vinna að því við Póst- og fjarskiptastofnun að tryggja fullnægjandi póstpjónustu í dreifbýli.

Baldvin K. Baldvinsson
Bjarni Ásgeirsson
Jóhann Már Jóhannsson
Marteinn Njálsson
Sigríður Bragadóttir
Sveinn Ingvarsson
Þórhallur Bjarnason

8. Nettengingar

Erindi Búnaðarsambands Austurlands um nettengingar í dreifbýli

Búnaðarþing 2009 beinir því til samgönguráðherra að haldið verði áfram þeirri uppbyggingu á háhraða internettengingum sem grunnur var lagður að í fjarskiptaáætlun 2005. Lögð verði sérstök áhersla á að íbúar strjálbýlla svæða njóti sömu þjónustu og aðrir og á sambærilegu verði.

Ályktun

Nettengingar

Búnaðarþing 2009 bindur vonir við að nýgerður samningur á milli Fjarskiptasjóðs og Símans um háhraðatengingu, verði til þess að íbúar strjálbýlla svæða njóti sömu þjónustu á sambærilegu verði og aðrir þegar þjóðfélagsins.

Baldvin K. Baldvinsson
Bjarni Ásgeirsson
Jóhann Már Jóhannsson
Marteinn Njálsson
Sigríður Bragadóttir
Sveinn Ingvarsson
Þórhallur Bjarnason

9. Bjargráðasjóður

Erindi Landssambands kúabænda

Búnaðarþing 2009, beinir því til stjórnvalda að taka sem fyrst ákvörðun í málefnum Bjargráðasjóðs. Núverandi óvissa um stöðu og framtíðarhlutverk sjóðsins er óviðunandi.

Frá stjórn BÍ frumvarp um Bjargráðasjóð með breytingartillögum BÍ.

Ályktun

Bjargráðasjóður

Búnaðarþing 2009 leggur til að hluta af eigin fé A – deildar Bjargráðasjóðs verði varið til þess að styrkja áburðarkaup bænda vorið 2009, eins og gert er ráð fyrir í drögum að lagafrumvarpi um sjóðinn sem ætlunin er að leggja fram á Alþingi. Búnaðarþing felur stjórn BÍ að fylgja þessu atriði eftir og gæta þess jafnframt að við endurskoðun laga verði tjónaflokkar endurskoðaðir. Í samráði við aðildarfélög BÍ verði tryggt að aðkoma búgreinanna að B – deild sjóðsins verði þeim ásættanleg.

Baldvin K. Baldvinsson

Bjarni Ásgeirsson
Jóhann Már Jóhannsson
Marteinn Njálsson
Sigríður Bragadóttir
Sveinn Ingvarsson
Þórhallur Bjarnason

10. Fjallskil

Erindi lagt fram af millipinganefnd

Búnaðarþing 2009 leggur til að Bændasamtök Íslands sendi sveitarfélögum og héraðsnefndum skýrslu þessa, sem bendir á ýmsa þætti sem færa mætti til betri vegar með breyttum fjallskilasamþykktum og vinnubrögðum við fjallskil.

Ályktun

Fjallskil

Búnaðarþing 2009 felur stjórn BÍ að senda sveitarfélögum og héraðsnefndum skýrslu starfshóps um framkvæmd fjallskila. Í skýrslunni er bent á ýmsa þætti sem færa má til betri vegar með breyttum fjallskilasamþykktum og vinnubrögðum við fjallskil innan núverandi lagaramma.

Baldvin K. Baldvinsson
Bjarni Ásgeirsson
Jóhann Már Jóhannsson
Marteinn Njálsson
Sigríður Bragadóttir
Sveinn Ingvarsson
Þórhallur Bjarnason

11. Dýralæknaþjónusta

Erindi Búnaðarsambands Norður Þingeyjarsýslu

Búnaðarþing 2009 skorar á MAST að leita leiða til að tryggja viðunandi dýralæknaþjónustu í dreifbýlustu sýslum landsins. Takist ekki að fjölga dýralæknum á þessum svæðum krefst búnaðarþing þess að bændur sem þarna eru búsettir fá víðtækari heimildir en nú eru til staðar til að eiga og nota lyf í samráði við dýralækna.

Greinargerð

Við gerð síðustu fjárlaga var héraðsdýralæknum fækkað á dreifbýlustu svæðum landsins. Nú er svo komið að einungis er einn héraðsdýralæknir í báðum Þingeyjarsýslum. Vegalengdin enda milli á þessu svæði er í kringum 300 km.

Sé ófært vegna kostnaðar að hverfa frá þessari ákvörðun telur búnaðarþing að bændur verði að fá víðtækari heimildir til að eiga og nota lyf. Þetta er fyrst og fremst dýravelferðarmál og spilar einnig inn á afkomu bænda á þessum svæðum.

Ályktun

Dýralæknaþjónusta

Markmið

Búnaðarþing 2009 skorar á Matvælastofnun að tryggja dýralæknaþjónustu á landinu öllu.

Leiðir

- Ábyrgðaraðili sjái til þess að ávallt sé dýralæknir á vakt í öllum héruðum landsins

- Koma til móts við þá sem búa fjærst þjónustu dýralækna með því að nýta heimildir um ávísun og afhendingu dýralyfja til varðveislu hjá bændum
- Matvælastofnun kynni bændum reglur og verkferla um framangreinda þjónustu með reglubundnum hætti.

Framgangur máls

Stjórn Bændasamtaka Íslands leggi fram erindi til Matvælastofnunar um málið.

Anna Bryndís Tryggvadóttir
Ágúst Rúnarsson
Árni V. Kristjánsson
Kristín Linda Jónsdóttir
Sigurður Loftsson
Sigurgeir Hreinsson
Svana Halldórsdóttir

12. Ráðgjafarþjónusta

1. Erindi búnaðarþingsfulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands 2009

Búnaðarþing 2009 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að mynda starfshóp með öllum hagsmunaaðilum um rekstur og starfsemi leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins með það að markmiði að auka skilvirkni þjónustunnar.

Greinargerð

Leiðbeiningarþjónustu í landbúnaði er sinnt af Bændasamtökum Íslands og sex ráðgjafamiðstöðvum víðs vegar um land. Sérhæfðari búrekstur kallar á sérhæft starfsfólk í ráðgjafastörfum. Leita þarf leiða til að búa til faglegra starfsumhverfi fyrir ráðunauta og stuðla að auknu samstarfi sem skilar sér í bestu ráðgjöf sem völ er á.

2. Erindi búnaðarþingsfulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands 2009

Búnaðarþing 2009 hvetur Bændasamtök Íslands í samvinnu við búnaðarsamböndin að hafa forgöngu um að aðstoða bændur sem verst eru staddir í að greina mjög ítarlega skuldastöðu sína. Í kjölfarið er síðan hægt að gera nákvæma áætlun um áframhaldandi rekstur viðkomandi búa.

3. Erindi búnaðarþingsfulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands 2009

Búnaðarþing 2009 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambanda að efla áburðarleiðbeiningar og jarðæktarráðgjöf. Mikilvægt er að leita allra leiða til þess að bæta nýtingu áburðar.

Greinargerð

Áburður er einn af stærstu kostnaðarliðum í hefðbundnum búrekstri. Verð tilbúins áburðar hefur hækkað gríðarlega á allra síðustu árum. Leita þarf allra leiða til að bæta nýtingu hans og leggja aukna áherslu á hámarks nýtingu búfjáráburðar sem og hugsanlegum öðrum áburðargjöfum úr umhverfi okkar.

Ályktanir í þessu máli eru tvær:

Fyrri ályktun:
Ráðgjafarþjónusta

Markmið

Búnaðarþing 2009 hvetur til að leitað verði allra leiða til að auka skilvirkni leiðbeiningarþjónustunnar.

Leiðir

- * Mynda starfshóp hagsmunaaðila.
- * Auka samvinnu á milli landssvæða.
- * Nýta sérhæfingu starfsmanna víðar en nú er.

Framgangur máls

Beina málinu til stjórnar búnaðarsambanda og vinna í samstarfi þeirra og BÍ.

Anna Bryndís Tryggvadóttir
Ágúst Rúnarsson
Árni V. Kristjánsson
Kristín Linda Jónsdóttir
Sigurður Loftsson
Sigurgeir Hreinsson
Svana Halldórsdóttir

Seinni ályktun:
Ráðgjafarþjónusta

Markmið

Búnaðarþing 2009 lýsir þungum áhyggjum af stöðu skuldugra bóa og telur þörf á skjótum úrræðum.

Leiðir

Því markvissa starfi sem unnið hefur verið undanfarið á vegum BÍ og búnaðarsambanda til aðstoðar bændum með erfiða skuldastöðu verði haldið áfram.

Þjónustan verði kynnt með markvissum og jákvæðum hætti svo tryggt sé að hún verði öllum kunn sem áður þurfa að halda.

Framgangur máls

Unnið í samstarfi BÍ og búnaðarsambanda.

Anna Bryndís Tryggvadóttir
Ágúst Rúnarsson
Árni V. Kristjánsson
Kristín Linda Jónsdóttir
Sigurður Loftsson
Sigurgeir Hreinsson
Svana Halldórsdóttir

13. Matvælafrumvarp

1. Erindi búnaðarþingsfulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2009 harmar að í breyttri útgáfu matvælafrumvarps landbúnaðarráðherra sem lagt var fram á Alþingi í desember sl. er ennþá gert ráð fyrir heimild til innflutnings á hráu kjöti. Ýmsum öðrum atriðum í frumvarpinu hefur verið breytt til betri vegar. Ef það er ætlun stjórnvalda að hanga á þessari heimild eins og hundur á roði sjá samtök bænda sig nauðbeygð til að berjast af krafti gegn samþykkt frumvarpsins.

2. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Búnaðarþing 2009 lýsir yfir fullum stuðningi við greinargerð BÍ um matvælafrumvarpið. Í greinargerðinni koma fram hörð mótmæli geng óheftum innflutningi á hráu kjöti.

Greinargerð

Verði farið að flytja inn hrátt kjöt er í mörgum tilfellum ekki hægt að rekja hvaðan það kemur eða við hvaða aðstæður það er framleitt. Verið er að plata íslenska neytendur og gera lítið úr þeim kröfum sem gerðar eru til 4bænda og afurðastöðva þeirra um rekjanleika, heilnæmi og gæði íslenskra landbúnaðarafurða. Þá er verið að stefna sjúkdómavörnum í búfé í hættu hér á landi. Bændur ásamt neytendum hljóta því að mótmæla alfarið innflutningi á hráu kjöti.

Ályktun

Matvælafrumvarp

Markmið

Búnaðarþing 2009 lýsir fullum stuðningi við breytingartillögur sem stjórn BÍ hefur gert við umtalað matvælafrumvarp. Þingið leggst alfarið gegn óheftum innflutningi á hráu, ófrosnu kjöti.

Leiðir

1. Slaka hvergi á þeim heilbrigðiskröfum er varða líf og heilsu neytenda
2. Vernda fágæta dýrastofna landsins jafnt húsdýr og villt dýr með því að hindra innflutning matvæla og annars sem sýkt gæti lifandi dýr.
3. Standa vörð um þann einstaka árangur sem hér hefur náðst í útrýmingu á salmonellu og camphylobacter sýkingum.
4. Koma í veg fyrir innflutning á matvælum sem sæta lakara heilbrigðiseftirliti en hér tíðkast og brjóta þar með jafnræðisreglu laga gagnvart matvælaframleiðendum á Íslandi.
5. Heimildir til tollverndar verði nýttar að fullu.
6. Nýta til fulls varnaraðgerðir sem felast í 13. grein EES-samningsins.

Framgangur máls

Bí komi áhersluatriðum Búnaðarþings á framfæri við landbúnaðarnefnd Alþingis og ráðuneyti landbúnaðarmála.

Anna Bryndís Tryggvadóttir
Ágúst Rúnarsson
Árni V. Kristjánsson
Kristín Linda Jónsdóttir
Sigurður Loftsson
Sigurgeir Hreinsson
Svana Halldórsdóttir

14. Sjúkdómavarnir

Erindi Búnaðarsambands Austurlands um aðkomu Matvælastofnunar að búfjársjúkdómavörnum

Búnaðarþing 2009 hvetur Matvælastofnun til að leggja þunga áherslu á að vinna bug á garnaveiki á þeim landssvæðum sem hún er enn til staðar. Tryggt verði að stofnunin hafi lagalegar og fjárhagslegar heimildir til að bregðast við á skjótan og yfirvegaðan hátt, þegar veikin kemur upp á nýjum svæðum eða þar sem hún hefur ekki verið greind um nokkurn tíma. Beitt verði auknu aðhaldi gagnvart bólusetningu, auk eftirlits, sýnatöku og smitgátar til að vinna bug á veikinni. Nokkru má til kosta í þessum aðgerðum í ljósi þess að bólusetningu til lengri tíma fylgir mikill kostnaður og hefur fleiri ókosti í för með sér.

Ályktun

Sjúkdómavarnir

Markmið

Búnaðarþing 2009 hvetur Matvælastofnun til að vinna markvisst bug á garnaveiki á þeim landsvæðum þar sem hún er enn til staðar.

Leiðir

- * Tryggja að stofnunin hafi virka viðbragðsáætlun þar sem veikin tekur sig upp.
- * Beitt verði eftirliti, sýnatökum og viðeigandi smitgát til að kanna útbreiðslu veikinnar og vinna bug á henni.
- * Stilla í hóf kostnaði við bólusetningu
- * Lokið verði vinnu við endurskipulagningu varnarhólfa samkv. fyrirbyggjandi tillögum og samþykkt Búnaðarþings 2008 um endurskoðun á varnarlínunum.

Framgangur máls

Bændasamtökin fylgi málinu eftir við Matvælastofnun og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Anna Bryndís Tryggvadóttir
Ágúst Rúnarsson
Árni V. Kristjánsson
Kristín Linda Jónsdóttir
Sigurður Loftsson
Sigurgeir Hreinsson
Svana Halldórsdóttir

Fylgiskjal:

Endurskoðun á varnarlinum

Búnaðarþing 2008 skorar á Matvælastofnun og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti að ljúka endurskoðun á varnarlinum fyrir sauðfé, sem gert er ráð fyrir í skýrslu nefndar landbúnaðarráðherra um endurskoðun á vörnum gegn búfjársjúkdómum frá júlí 2006. Jafnframt leggur búnaðarþing áherslu á að virt séu ákvæði laga nr. 25/1993 um samráð við heimaaðila vegna breytinga á girðingum og fleira.

Sigurður Loftsson
Svana Halldórsdóttir
Anna Bryndís Tryggvadóttir
Ágúst Rúnarsson
Árni V. Kristjánsson
Jóhannes Jónsson
Pórarinn Ingi Pétursson

15. Skilaréttur á kjöti

Erindi Landssamtaka Sauðfjárbænda

Búnaðarþing 2009 felur stjórn BÍ að skoða hvort ekki sé rétt að beita sér fyrir því að sá skilaréttur sem nú viðgengst á ófrosnum kjötvörum frá verslunum til afurðasöluvyrtaækja verði afnuminn með lagasetningu, komi til þess að innflutningur á hráu ófrosnu kjöti verði leyfður.

Greinargerð

Verslanir geta skilað til afurðasöluvyrtaekja öllum innlendum kjötvörum sem ekki seljast eða renna út. Innlendu afurðasöluvyrtaekin bera það tjón að fullu sem þannig verður. Verslunin getur ekki skilað innfluttum kjötvörum á sama hátt og verður sjálf að bera tjónið af þeim vörum sem ekki seljast eða renna út. Það eru því ríkari hagsmunir fólgir í því fyrir verslunina að innfluttu vörurnar seljist. Nauðsynlegt er að fara yfir hvernig tryggja má að innlendar vörur standi á jafnréttisgrundvelli í þessum efnum, ekki síst ef kemur til þess að innflutningur á hráu kjöti verði leyfður. Þá er ekki síður ástæða til að tryggja svo sem verða má að kjötvörur sem með einhverjum hætti gætu hafa komist í snertingu við hrátt innflutt kjöt verði ekki sendar aftur út til innlendra fyrirtækja. Bændasamtökin telja sem fyrr að ekki sé rétt að heimila slíkan innflutning. Fyrir því eru heimildir og gild rök, fyrst og fremst þau að stofna ekki í hættu heilsufari manna og dýra. EES samningurinn heimilar slíkt eins og skýrt kemur fram í umsögn BÍ um frumvarp um innleiðingu matvælalöggjafar ESB. Komi samt sem áður til þessa innflutnings er það lágmarkskrafa að tryggt verði að verslunin hafi ekki sérstaka hagsmuni af því að halda erlendum kjötvörum að neytendum.

Ályktun

Skilaréttur á kjöti

Markmið

Búnaðarþing 2009 telur að sá skilaréttur sem viðgengst á innlendum landbúnaðarvörum stríði gegn eðlilegu viðskiptasiðferði og heilbrigðiskröfum um meðferð matvæla.

Leiðir

Fá sérfræðiráðgjöf til að leggja mat á málið.

Framgangur máls

Stjórn BÍ láti skoða hvort sá skilaréttur smásöluverslunar sem viðgengst á innlendum landbúnaðarvörum standist samkeppnislög og heilbrigðiskröfur og kanni forsendur fyrir setningu löggjafar.

Guðbjörg Jónsdóttir
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Jónsson
Jóhannes Eggertsson
Jóhannes Sigfússon
Jón Gíslason
Matthías Lýðsson

16. Fæðuöryggi

1. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Búnaðarþing 2009 skorar á ríkisstjórnina að tryggja eftir föngum matvælaöryggi þjóðarinnar. Þá vill þingið áréttta mikilvægi þess að jafnan séu til í landinu nægar birgðir af fódri.

Greinargerð

Innlendir búvöruframleiðendur eru að talsverðu leyti háðir innfluttu fódri og skortur á því væri því grafalvarlegt mál varðandi matvælaöryggi, auk þess sem velferð dýra og rekstri búanna væri stefnt í hættu. Sem stendur eru að jafnaði til 1 mánaða birgðir af innfluttu fódri í landinu. Í ljósi reynslunnar af innflutningi síðastliðið haust þegar þjóðin lenti í gjaldeyrisskorti er ástæða til að ætla að slíkar birgðir séu ekki nægjanlegar til að tryggja ásættanlegt matvælaöryggi og við það má ekki una.

2. Erindi Landssamtaka Sauðfjárbænda

Búnaðarþing felur stjórn BÍ að leita samvinnu við stjórnvöld um að gerð verði áætlun um hvernig megi tryggja fæðuöryggi landsmanna.

Greinargerð

Óvissutímur í efnahagsmálum þjóðarinnar, gjaldeyrisskortur og gjaldeyrishöft hafa vakið upp spurningar um hvernig fæðuöryggi landsmanna verði best tryggt. Það liggur fyrir að þegar efnahagsörðugleikar dynja yfir hugsa einstakar þjóðir fyrst og fremst um að tryggja sínum eigin þegnum mat. Á liðnu hausti sáust bæði dæmi um að þjóðir takmörkuðu útflutning með lögum eða skattlögðu hann sérstaklega. Ekki er því alltaf hægt að treysta á að hægt sé að flytja inn matvæli. Þessi sömu vandamál geta einnig skapast vegna styrjalda, náttúrhamfara, sjúkdóma eða annarskonar hruns í milliríkjavíðskiptum. Hins vegar er ekki til héraðs nein áætlun um fæðuöryggi. Leita verður samvinnu við stjórnvöld um málið og m.a. fara yfir núverandi framleiðslu, skilgreina lágmarksbirgðir af matvælum og nauðsynlegum aðföngum til innlestrar framleiðslu. Jafnframt þarf að meta hvaða aðgerða er þörf ef fæðuöryggið er ekki fullnægjandi.

3. Erindi Svínaræktarfélags Íslands

Búnaðarþing 2009 beinir því til stjórnar BÍ að taka upp viðræður við stjórnvöld um að meta þörf fyrir lágmarksbirgðastöðu á fódri í landinu á hverjum tíma. Samhliða þessu verði leitað eftir stuðningi stjórnvalda til að efla innlenda kornrækt til að auka sjálfbærni í matvælaframleiðslu hér á landi.

Greinargerð

Við fall bankanna í október lömuðust gjaldeyrsviðskipti við útlönd tímabundið og í ljós kom að birgðir á innfluttu fódri voru litlar og því hefði lítið mátt út af bera til að raunverulegur fódurskortur hefði orðið hér á landi. Afleiðingar af slíku yrðu mjög alvarlegar og því er nauðsynlegt að leita úrlausna. Samkvæmt upplýsingum frá fódursölum eru birgðir af innfluttu fódri einungis um 20-35 dagar á hverjum tíma. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu í samstarfi við stjórnvöld með því að koma upp varabirgðum af korni hér á landi. Einnig þarf að stórefla stuðning við innlenda kornrækt til að hægt verði að auka framleiðslu á henni. Í því samhengi er eðlilegt að horfa til landa sem búa við svipuð framleiðsluskilyrði og Ísland.

4. Erindi búnaðarþingsfulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2009 beinir því til stjórnvalda að tryggja að öll innflutt aðföng til landbúnaðar berist til landsins svo matvælaöryggi þjóðarinnar sé tryggt. Á allra næstu vikum þarf að liggja fyrir með hvaða hætti áburðarkaupum matvælaframleiðenda verði háttað.

Ályktun

Fæðuöryggi

Markmið

Búnaðarþing 2009 telur brýnt að fæðuöryggi þjóðarinnar sé tryggt.

Leiðir

Framfylgja lögum nr. 82/2008 um almannavarnir.

Meta hvort þörf sé á aukinni og fjölbreyttari innanlandsframleiðslu til að tryggja fæðuöryggi.

Framgangur máls

Stjórn BÍ leiti samvinnu við stjórnvöld um að gerð verði heildstæð áætlun um hvernig tryggja megi fæðuöryggi þjóðarinnar og meta áfallaþol skv. 15. gr. I. um almannavarnir nr. 82/2008.

Greinargerð

Óvissutímar í efnahagsmálum þjóðarinnar, gjaldeyrisskortur og gjaldeyrishöft hafa vakið upp spurningar um hvernig fæðuöryggi landsmanna verði best tryggt. Það liggur fyrir að þegar efnahagsörðugleikar dynja yfir hugsa einstakar þjóðir fyrst og fremst um að tryggja sínum eigin þegnum mat. Á liðnu hausti sáust bæði dæmi um að þjóðir takmörkuðu úttflutning með lögum eða skattlögðu hann sérstaklega. Ekki er því alltaf hægt að treysta á að unnt sé að flytja inn matvæli eða aðföng til matvælaframleiðslu. Þessi sömu vandamál geta einnig skapast vegna styrjalda, náttúruhamfara, sjúkdóma eða annars konar hruns í milliríkjavíðskiptum. Ekki er til heildstæð áætlun um fæðuöryggi hér á landi. Leita verður samvinnu við stjórnvöld um málið, fara yfir núverandi framleiðslu, skilgreina lágmarksþingdæmi af matvælum og nauðsynlegum aðföngum til innlendirar framleiðslu. Jafnframt þarf að meta hvaða aðgerða er þörf ef fæðuöryggið er ekki fullnægjandi, eins og hvort styrkja og auka þurfi innlenda matvæla- og fóðurframleiðslu.

Guðbjörg Jónsdóttir
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Jónsson
Jóhannes Eggertsson
Jóhannes Sigfússon
Jón Gíslason
Matthías Lýðsson

17. Skráning á framleiðslu

Erindi Búnaðarsambands Eyjafjarðar

Framleiðsla mjólkur til heimavinnslu á lögbýlum
Búnaðarsamband Eyjafjarðar beinir því til búnaðarþings 2009 að “Reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2008 – 2009, nr. 670/2008” verði breytt á þann hátt, að allt að 10% af mjólkurframleiðslu hvers lögbýlis megi nýta til heimavinnslu án þess að það komi til frádráttar á greiðslumarki búans.

Greinargerð

Í 3. gr. reglugerðar nr. 670/2008 segir:

„Öll mjólk sem seld er í afurðastöð frá viðkomandi lögbýli skal reiknast með í uppgjöri greiðslumarks fyrir lögbýlið“.

„Mjólk sem unnið er úr til sölu á sama lögbýli og framleiðsla fer fram telst til framleiðslu innan greiðslumarks“.

Þarna er skýrt kveðið á um það að öll mjólk sem fer í vinnslu og sölu, hvort heldur sem er á viðkomandi býli eða í afurðastöð er innan greiðslumarks. Við núverandi aðstæður, þar sem öll mjólk sem kemur í afurðastöð er greidd, má segja að ekki reyni á þetta. Hins vegar geta aðstæður auðveldlega orðið aðrar og þá er æskilega að auka svigrúm til heimaframleiðslu og að um það séu ákvæði í gildandi reglum.

Minna má á að gróska er nú í fjölbreyttri framleiðslu beint frá býli, þar á meðal á afurðum úr mjólk. Reynsla annarra þjóða sýnir að slík framleiðsla er lítt eða ekki í samkeppni við hefðbundnar afurðir á markaði, heldur er hún viðbót og aukning á neyslu, enda verður slík framleiðsla aldrei nema mjög lítil hluti af heildarframleiðslu á viðkomandi sviði.

Því er það eðlilegt fyrirkomulag að ákveðinn hluti mjólkurframleiðslu hvers býlis sé utan framleiðslustýringar og skapast þá hvatning fyrir bændur til þess að leita nýrra leiða við að framleiða sérvöru heima á býlinu og vinna henni markað.

Ef ofangreindar breytingar ná fram að ganga þá er eðlilegt að gera þeim, sem framleiða og selja mjólk og mjólkurafurðir heima á býlunum, skylt að skrá slíka framleiðslu.

Ályktun

Skráning á framleiðslu

Markmið

Skilgreina lagalega stöðu framleiðslu innan gildandi búvörusamninga sem nýtt er til heimavinnslu.

Leiðir

Búgreinafélög skoði hvernig heimavinnslu sé best borgið innan sinnar greinar.

Framgangur máls

Búnaðarþing 2009 beinir því til stjórnar BÍ að útfæra reglur um skráningu heimavinnsluafurða í samráði við viðkomandi búgreinafélög.

Guðbjörg Jónsdóttir
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Jónsson
Jóhannes Eggertsson
Jóhannes Sigfússon
Jón Gíslason
Matthías Lýðsson

18. Skilaverð

Erindi Landssamtaka Sauðfjárbænda Um útflutning á landbúnaðarvörum

Búnaðarþing 2009 telur að framleiðendur innlendra landbúnaðarafurða sem fluttar eru út eigi að njóta í meira mæli þess ábata sem orðið hefur til vegna lækkandi gengis krónunnar. Við núverandi aðstæður virðist verulega hafa skort á það.

Greinargerð

Útflutningur á íslenskum landbúnaðarvörum fer vaxandi. Samkvæmt tölum Hagstofunnar jókst útflutningur á landbúnaðarvörum um tæpa 3 milljarða króna á milli árána 2007 og 2008. Á þessum tíma féll gengið að vísu verulega en sé aukningin reiknuð út frá föstu gengi er hún samt sem áður 29,5%. Íslenskir bændur hafa ekki farið varhluta af hækkunum á aðföngum til sín vegna gengisbreytinga, en á sama tíma hafa þeir ekki notið þeirra hækkana sem orðið hafa á útflutningsvörum þeirra af sömu ástæðum. Það er sanngjörnt að bændur fái eðlilegan hlut í þessum ábata.

Ályktun

Skilaverð við útflutning landbúnaðarvara

Markmið

Búnaðarþing 2009 telur að bændur eigi að njóta í meira mæli þess ábata sem orðið hefur við útflutning landbúnaðarvara vegna lækkunar gengis krónunnar.

Leiðir

Auka gagnsæi í myndun skilaverðs til bænda.

Framgangur máls

Stjórn BÍ taki málið upp við stjórnendur afurðastöðva.

Guðbjörg Jónsdóttir
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Jónsson
Jóhannes Eggertsson
Jóhannes Sigfússon
Jón Gíslason
Matthías Lýðsson

19. Lífeyrissjóður bænda – lánareglur

Erindi Búnaðarsambands Eyjafjarðar

Búnaðarsamband Eyjafjarðar beinir því til búnaðarþings 2009 að skora á stjórn Lífeyrissjóðs bænda að breyta lánareglum á þann veg að kostnaður vegna verðmats jarðeigna sé sem jafnastur.

Greinargerð

Skv. lánareglum sjóðsins er einungis tekið við verðmati frá einum aðila. Þetta hefur það í för með sér að kostnaður jarðeigenda er mjög mismunandi eftir búsetu sem hlíst aðalega af mismiklum ferðakostnaði. Skiljanlegt er að sjóðurinn vilji hafa samræmi í matinu með því að hafa sem fæsta matsmenn.

Þetta mætti leysa með því annað hvort að hafa einn mann í hverjum landsfjórðungi sem sjóðurinn tilnefndi eða með því að sjóðurinn greiddi kostnað við matið og jafnaði honum síðan út á matsbeiðendum.

Ályktun

Lífeyrissjóður bænda – verðmat jarða

Markmið

Búnaðarþing 2009 telur rétt að kostnaður lántakenda við verðmat jarða, vegna lántöku hjá Lífeyrissjóði bænda, sé sá sami óháð staðsetningu jarða.

Leiðir

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda finni leið til að jafna þennan kostnað.

Framgangur máls

Ályktunin verði send stjórn Lífeyrissjóðs bænda.

Birna Þorsteinsdóttir
Egill Sigurðsson
Einar Ófeigur Björnsson
Guðmundur Davíðsson
Sig. Sindri Sigurgeirsson
Karl Kristjánsson

20. Búnaðargjald

Erindi búnaðarþingsfulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands 2009

Búnaðarþing 2009 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að forsendur fyrir innheimtu búnaðargjalds verði teknar til endurskoðunar með það að markmiði að búnaðargjald verði lækkað.

Ályktun

Búnaðargjald

Markmið

Búnaðarþing 2009 samþykkir að endurskoða innheimtu búnaðargjalds með það að markmiði að lækka búnaðargjald.

Leiðir

Skipuð verði nefnd af stjórn Bændasamtaka Íslands sem hafi eftirfarandi starfssvið:

- * Finni leiðir til að lækka eða leggja niður búnaðargjald, í núverandi mynd í áföngum.
- * Finni leiðir til að fjármagna félagskerfi bænda með öðrum hætti.
- * Komi með tillögur um breytingar á félagskerfi landbúnaðarins í tengslum við breytingar á búnaðargjaldi.

Framgangur máls

- * Stjórn Bændasamtakanna skipi í nefndina.
- * Hún hraði störfum svo sem verða má.
- * Nefndin leggi fram tillögur sínar á næsta Búnaðarþingi.
- * Leitað verði leiða til að koma fyrsta áfanga í lækkun búnaðargjalds til framkvæmda á næsta ári.

Birna Þorsteinsdóttir
Egill Sigurðsson
Einar Ófeigur Björnsson
Guðmundur Davíðsson
Sig. Sindri Sigurgeirsson

Karl Kristjánsson
Örn Bergsson

21. Samkeppnislög

Erindi Landssamtaka Sauðfjárnænda

Búnaðarþing felur stjórn BÍ að láta skoða ítarlega hvernig starfsemi Bændasamtakanna og búgreinafélaga samræmist samkeppnislögum. Leiði sú skoðun til þess að BÍ og búgreinafélög brjóti lög með hefðbundinni hagsmunagæslu verði farið í viðræður um mögulegar undanþágur frá samkeppnislögum.

Greinargerð

Óvissa hefur skapast um hvort hin hefðbundna starfsemi Bændasamtakanna og einstakra búgreinafélaga sé í bága við samkeppnislög í ljósi rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á starfsemi BÍ sem hófst eftir Búnaðarþing 2008. Mikilvægt er að skorið verði úr um það hvert svigrúm samtaka bænda er við hagsmunagæslu fyrir greinina. Það verði gert með því að gera úttekt á málinu í heild og eftir atvikum ræða við samkeppnisyrivöld um undanþágur í framhaldinu.

Niðurstaða:

Erindi kemur ekki úr nefnd

22. Mikilvægi landbúnaðar

Erindi Búnaðarsambands Austurlands um mikilvægi landbúnaðar fyrir íslenskt samfélag

Búnaðarþing 2009 vekur athygli á mikilvægi landbúnaðar í íslensku samfélagi. Hann er mikilvægur varðandi matvælaöryggi þjóðarinnar auk þess sem hann leggur grunn að mörgum störfum í landinu og sparar dýrmætun gjaldreyri. Þetta allt er hluti af sjálfstæði þjóðarinnar auk þess sem hann er mikilvægur þáttur í menningu okkar.

Íslenskar landbúnaðarafurðir hafa sannað sig sem heilnæmar hágæðavörur úr hreinu umhverfi. Því er það ein af grunnforsendum í því mikla óvissuástandi sem ríkir í dag að landbúnaðurinn verði varinn.

Skorar þingið á stjórnvöld að taka afdráttarlausu afstöðu með íslenskum landbúnaði og sýna það í verki með því að standa vörð um þá búvörusamninga sem í gildi eru, endurskoða svokallað matvælafrumvarp og hafa hann með á vogarskálinni þegar tekin er afstaða til Evrópusambandsins.

Ályktun

Mikilvægi landbúnaðar

Markmið

Búnaðarþing 2009 vekur athygli á mikilvægi landbúnaðar í íslensku samfélagi. Hann skiptir miklu máli fyrir fæðuöryggi, leggur grunn að fjölmörgum störfum um allt land og er efnahagslega mikilvægur, ekki síst á tímum þrenginga og gjaldeyrisskorts. Þingið hvetur landsmenn til þess að slá skjaldborg um landbúnaðinn til framtíðar og skorar á stjórnvöld að taka afdráttarlausu afstöðu með íslenskum landbúnaði.

Skapa þarf þverpólítíska sátt um landbúnað á Íslandi. Bændur eru reiðubúnir til þess að vinna með stjórnvöldum að mótun slíkrar sáttar.

Leiðir

- Að mörkuð verði stefna í málefnum landbúnaðar til framtíðar.
- Að stjórnvöld standi við búvörusamninga.
- Ekki verði ráðist í breytingar á starfsumhverfi eða löggjöf landbúnaðarins sem ógna matvælaöryggi, s.s. heilbrigði manna og dýra.
- Bændur og almenningur taki höndum saman um að efla umræðu um íslenskan landbúnað og mikilvægi hans.

Framgangur máls

- Haldnir verði fundir með frambjóðendum og almenningi í aðdraganda Alþingiskosninga og kynningarefni útbúið.
- Dreifing Bændablaðsins í þéttbýli verði aukin og stöðugt unnið að því að koma málstað bænda að í almennri umræðu.
- Stjórn BÍ hefji stefnumótunarvinnu sem miði að því að koma skýrum skilaboðum bænda á framfæri um æskilega þróun landbúnaðar á Íslandi.

Birna Þorsteinsdóttir
Egill Sigurðsson
Einar Ófeigur Björnsson
Guðmundur Davíðsson
Sig. Sindri Sigurgeirsson
Karl Kristjánsson
Örn Bergsson

23. Afdrif ályktana / hagsmunagæsla

Erindi Búnaðarsambands Austurlands um afdrif samþykktu búnaðarþings

Búnaðarþing 2009 hvetur stjórn BÍ til að fylgja betur eftir samþykktum búnaðarþings en reynd hefur verið á í mörgum tilfellum þannig að þær geti orðið til meira gagns í okkar samfélagi.

Greinargerð

Á undanförunum þingum hafa fulltrúar lagt metnað sinn í að afgreiða mál með sem skilvirkustum hætti og kallað til sín þá sérfræðinga sem þarf til að svo megi verða. Því miður hefur eftirfylgnin í sumum tilvikum ekki verið nægjanleg. Má þar nefna til að mynda nokkur mál sem Búnaðarsamband Austurlands hefur sent búnaðarþingi á allra síðustu árum.

Varðandi tryggingamál þá er smáaletrið enn mjög smátt í þeim flestum og ekki nægjanlega ljóst hvað tryggingar ná yfir.

Réttindi bænda á dráttar og vinnuvélum sínum eru enn á reiki.

Hækkanir á aðföngum hafa aldrei verið meiri og örari bæði á ýmsum vörum í hillum og á lager svo ekki sé minnst á þá hækkun sem orðið hefur á díselolíu og fleiri aðföngum til landbúnaðar.

Þessi mál hafa öll hlotið afgreiðslu og umfjöllun á síðustu tveimur þingum en ekki sjáanlegar breytingar til batnaðar.

24. Aðild VOR að BÍ

Erindi frá stjórn BÍ - Verndun Og Ræktun

Aðalfundur VOR - félag framleiðenda í lífrænum búskap, haldinn 24. maí sl. samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Umsókn um viðurkenningu Bændasamtaka Íslands á VOR sem fullgildu búgreinafélagi innan samtakanna með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja“.

Ályktun

Aðild VOR að BÍ

Búnaðarþing 2009 hafnar umsókn VOR – félags framleiðenda í lífrænni ræktun að Bændasamtökum Íslands.

Birna Þorsteinsdóttir
Egill Sigurðsson
Einar Ófeigur Björnsson
Guðmundur Davíðsson

Karl Kristjánsson
Örn Bergsson

25. Forsendur landbótaáætlana

Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda

Búnaðarþing 2009 krefst þess að bændur sem eru að vinna eftir landbótaáætlunum innan gæðastýringar í sauðfjárrækt, verði ekki látnir gjalda þess ef forsendur slíkra áætlana bresta vegna fjárlaganiðurskurðar eða annarra þátta sem bændur geta ekki stjórnað.

Greinargerð

Fjölmargir bændur sem stunda gæðastýrða sauðfjárrækt starfa eftir landbótaáætlunum samkvæmt samkomulagi sem þeir hafa gert við Landgræðsluna.

Til að geta staðið við þær áætlanir er í flestum tilvikum nauðsynlegt að kaupa verulegt magn af tilbúnum áburði. Áburður hækkaði um rúm 70% á árinu 2008 og líkur eru á mikilli hækkun vorið 2009, jafnvel þó aðeins sé tekið tillit til gengisfalls krónunnar. Á sama tíma hækkuðu önnur aðföng einnig verulega, en hækkun afurðaverðs bætti það ekki upp. Þar ofan á afnámu stjórnvöld verðtryggingarákvæði búvörusamninga. Allt þetta mun gera bændum mjög erfitt að standa undir kostnaði við að uppfylla landbótaáætlanir. Í ljósi þess telur búnaðarþing að ekki eigi að svipta bændur álagsgreiðslum sem þeir eiga rétt á innan gæðastýringar í sauðfjárrækt, ef breyttar forsendur gera þeim ókleift að standa við gildandi landbótaáætlanir.

Ályktun

Forsendur landbótaáætlana

Markmið

Búnaðarþing 2009 telur nauðsynlegt að bændur sem vinna eftir landbótaáætlunum innan gæðastýringar í sauðfjárrækt, eigi þess kost að uppfylla kvaðir gildandi samninga á lengri tíma en samningarnir mæla fyrir um.

Leiðir

Landgræðsla ríkisins taki tillit til gríðarlegrar hækkunar á áburðarverði og gefi bændum kost á lengri tíma til að framkvæma nógildandi landbótaáætlanir.

Framgangur máls

Stjórn BÍ leggi fram erindi til Landgræðslu Ríkisins um málið.

Guðný H. Jakobsdóttir
Gunnar Þorgeirsson
Jón Magnús Jónsson
Rögnvaldur Ólafsson
Sigurbjartur Pálsson
Þórólfur Sveinsson

26. Raforkuverð

Erindi Félags ferðaþjónustubænda

Félag ferðaþjónustubænda óskar eftir því að búnaðarþing 2009 mótmæli harðlega hækkunum á raforkukostnaði í sveitum landsins vegna hækkana á verðskrá opinberra orkufyrirtækja og lækkunar á jöfnunarkostnaði frá ríkinu.

Greinargerð

Raforkuverð til fyrirtækja og heimila í dreifbýli hefur hækkað um 30-40% á nokkrum árum og nýlega hafa opinber orkufyrirtæki tilkynnt um hækkun á orkuverði og dreifingakostnaði fyrir árið 2009. Framlag ríkis til jöfnunar orkuverðs í strjálbýli hefur ekki fylgt verðlagshækkunum síðustu ára og niðurgreiðslur ríkisins

vegna rafhitunar hafa þar að auki verið óbreyttar í nokkur ár. Útlit er því fyrir 30-40% hækkun á raforkukostnaði í dreifbýli á árinu 2009 sem eykur á erfiðleika fyrirtækja og heimila og er með öllu óásættanlegt.

Niðurstaða: Máli vísað til stjórnar BÍ.

27. Fjármagnskostnaður / fjármálafyrirtæki

1. Erindi Félags ferðaþjónustubænda

Félag ferðaþjónustubænda óskar eftir því að búnaðarþing 2009 beiti sér fyrir að fundnar verði sértækar leiðir til að lækka kostnað við fjármögnun á þeirri atvinnustarfsemi í byggðum landsins sem leiðir til jákvæðs gjaldeyrisjöfnunar við útlönd.

Greinargerð

Á nokkrum árum hefur kostnaður við fjármögnun atvinnustarfsemi í byggðum landsins aukist óhóflega og á það jafnt við um í hefðbundnum landbúnaði, ferðaþjónustu og annarri starfsemi bænda. Sífellt hækkandi vaxtastig, verðbólga og veiking krónunnar hefur á stuttum tíma sett rekstur margra fyrirtækja bænda í alvarlegan vanda. Augljóst er að til að koma þjóðfélaginu út úr þeim efnahagslegu erfiðleikum sem nú blasa við þarf að byggja á þeim greinum atvinnulífsins sem skapa verðmæti í formi innlendrar framleiðslu og þjónustu. Brýnt er að styðja við starfsemi bænda sem ýmist skapar gjaldeyris eða sparar hann fyrir þjóðarbúið. Nauðsynlegt væri að skapa þeirri atvinnustarfsemi sem best kjör hvað varðar fjármögnun enda muni sú starfsemi leiða til jákvæðs gjaldeyrisjöfnunar við útlönd og styrkja þar af leiðandi aðra innviði.

2. Erindi Landssambands kúabænda

Búnaðarþing 2009 skorar á stjórnvöld að gera nú þegar þær ráðstafanir sem þarf til að fjármálafyrirtæki í landinu geti veitt atvinnulífinu lífsnauðsynlega fjármagnsfyrirgreiðslu.

Greinargerð

Gengi íslensku krónunnar hefur veikt mikið síðustu mánuði og þar með hafa skuldir í erlendri mynt hækkað geigvænlega, verðbólga er mikil, og heimsmarkaðsverð mikilvægra aðfanga til búvöruframleiðslu hefur hækkað óhóflega. Nú er enn spáð stórfelldri hækkun á áburðarverði fyrir komandi vor. Þegar þetta kemur saman er ljóst að rekstrarafkoma bænda hefur versnað verulega og greiðslustaðan er í mörgum tilfellum illviðráðanleg, sérstaklega meðan gengi krónunnar er svona veikt. Því er mjög nauðsynlegt fyrir búvöruframleiðsluna að hafa góðan aðgang að rekstrarlánnum á viðunandi kjörum við þessar óvenjulegu og erfiðu aðstæður. Skortur á rekstrarfé getur sett bú sem annars ættu rekstrarmöguleika, í þrot.

Niðurstaða: Afgreitt með máli [nr. 29](#)

28. Búvörusamningar

1. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Búnaðarþing 2009 mótmælir harðlega þeirri einhliða ákvörðun Ríkisstjórnar Íslands að skerða samningsbundnar verðbætur búvörusamninga.

Greinargerð

Í fyrsta skipti í sögu búvörusamninga milli ríkisins og bænda um starfsskilyrði landbúnaðarins eru samningar brotnir á bændum.

Það er í hæsta máta óeðlilegt að Ríkisstjórn Íslands skuli ekki ætla að standa við gerða samninga, þegar ljóst er að bændur og allur almenningur í landinu verður að greiða sínar skuldir með fullum verðbótum.

2. Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda

Búnaðarþing 2009 mótmælir harðlega einhliða aðgerðum stjórnvalda sem skerða lögbundnar greiðslur til bænda skv. búvörusamningum. Samningarnir voru gerðir í góðri trú, lögfestir á Alþingi og samþykktir í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal bænda. Það er óþolandi ef ekki er hægt að treysta því að hið opinbera standi við gerða samninga. Búnaðarþing krefst þess að stjórnvöld geri nú þegar

grein fyrir því hvornig þau hyggjast leiðrétta þetta.

3. Erindi búnaðarþingsfulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2009 mótmælir harðlega þeirri ákvörðun stjórnvalda að standa ekki við verðtryggingarákvæði gildandi búvörusamninga. Skorað er á stjórnvöld að endurskoða nú þegar þessa ákvörðun. Búvörusamningar þeir sem hér um ræðir eru allir samþykktir á Alþingi og í kosningum meðal bænda.

4. Erindi búnaðarþingsfulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2009 felur stjórn Bændasamtaka Íslands að kanna lögmæti samningsrofs stjórnvalda á búvörusamningum. Mikilvægt er að fá úr því skorið hvort samningsrof af þessu tagi hefur einhverja lagastoð.

Ályktun

Búvörusamningar

Markmið

Búnaðarþing 2009 mótmælir því að ekki skuli staðið við gerða búvörusamninga. Tryggja þarf festu í framkvæmd samninga sem ríkisvaldið hefur gert við samtök bænda um stuðning við einstakar búgreinar.

Leiðir

Nauðsynlegt er að stjórn BÍ og viðkomandi búgreinafélög leiti allra leiða til að leysa málið með samningum við ríkisvaldið og eyða þannig núverandi óvissu.

Framgangur máls

Óska eftir viðræðum við stjórnvöld um lausn á málinu með samningum.

Guðný H. Jakobsdóttir
Gunnar Þorgeirsson
Jón Magnús Jónsson
Rögnvaldur Ólafsson
Sigurbjartur Pálsson
Þórólfur Sveinsson

29. Rekstrarumhverfi landbúnaðarins

Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Búnaðarþing 2009 skorar á stjórnvöld/landbúnaðaráðherra að beita sér fyrir markvissum aðgerðum til að bæta rekstrarumhverfi landbúnaðar. Einkum er mikilvægt að sem fyrst verði komið á móts við skuldugustu búin. Skuldbreytingar, skilmálabreytingar á lánum og hverjar þær aðgerðir sem tryggja áframhaldandi rekstur þeirra eru nauðsynlegar og því lengur sem það dregst þeim mun stærrí vanda verður við að eiga.

Greinargerð

Hækkanir erlendra aðfanga og gríðarlegur vaxtakostnaður hefur leikið landbúnaðinn grátt og nú hefur bæst við gengishrun og vísitöluhækkanir sem hækka höfuðstól lána upp úr öllu valdi, á sama tíma og verðmæti veða fellur. Framundan eru svo vanefndir ríkisins á umsömdum framlögum. Harðast eru þeir bændur leiknir sem byggt hafa upp bú sín á síðustu árum og eru því þeir sem greinin má síst við að missa út úr framleiðslu. Brýnt er að þegar í stað verði leitað varanlegra lausna í stað bráðabirgðaúrræða sem viðhalda stöðugri óvissu og óöryggi.

Ályktun

Rekstrarumhverfi landbúnaðarins

Markmið

Búnaðarþing 2009 leggur áherslu á að tryggja þarf rekstrarumhverfi íslensks landbúnaðar. Gera verður nú þegar ráðstafanir til að fjármálafyrirtæki geti veitt landbúnaðinum nauðsynlega fyrirgreiðslu. Brýnt er

að leita varanlegra lausna í stað bráðabirgðaúrræða sem viðhalda óvissu og óöryggi.

Leiðir

Aðgangur að fjármagni, lækkun vaxta, skuldbreytingar, skilmálabreytingar á lánum og fleiri aðgerðir sem nauðsynlegar eru.

Framgangur máls

Stjórn BÍ haldi áfram viðræðum við stjórnvöld og fjármálastofnanir.

Guðný H. Jakobsdóttir
Gunnar Þorgeirsson
Jón Magnús Jónsson
Rögnvaldur Ólafsson
Sigurbjartur Pálsson
Þórólfur Sveinsson

30. Verð á aðföngum

1. Erindi Búnaðarsambands Austurlands varðandi verð á aðföngum landbúnaðar og verðsamanburð Búnaðarþing 2009 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands, að sjá til þess að gerður verði verðsamanburður á aðföngum í landbúnaði hérlendis og í nágrannalöndunum, til að auðvelda bændum baráttuna við það okurverðlag sem nú tíðkast.

Greinargerð

Þessi verðlagsakönnun verði gerð reglulega, t.d. á þriggja mánaða fresti og birt í bændablaðinu. Upphæðir þarf að birta í íslenskum krónum, að teknu tilliti til flutningskostnaðar og óraunhæfs gengismunar á hverjum tíma.

2. Erindi búnaðarþingsfulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2009 felur stjórn Bændasamtaka Íslands, í samvinnu við aðra hagsmunaaðila, að kanna og fylgjast með verðlagningu, verðmyndun og verðþróun á litaðri olíu í samanburði við díselolíu og bensín.

Greinargerð

Í lögum nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald er kveðið á um undanþágu frá innheimtu olíugjalds á dráttarvélar og fleiri tæki sem ekki aka alla jafna um þjóðvegi landsins. Skal sú olía vera auðkennd með litarefni og vera ódýrari en ólituð díselolía. Verðmunur á litaðri og ólitaðri olíu hefur hins vegar minkað mikið frá því lögin tóku gildi og full ástæða til að kanna hvað veldur.

Niðurstaða: Máli vísað til stjórnar BÍ

31. Álftir og gæsir

1. Erindi Búnaðarsambands Norður Þingeyjarsýslu

Búnaðarþing 2009 skorar á stjórn Bændasamtaka Íslands að vinna að því með fullum þunga að bændum á lögbýlum verði heimilað að skjóta gæsir á ræktuðum eignarlöndum sínum allt árið.

Greinargerð

Ágangur gæsa í tún er víða orðin með öllu óviðunandi og veldur stórtjóni. Það hlýtur því að teljast réttmæt krafa bændna að fá heimild til að verja ræktarlönd sín fyrir slíkri plágu. Einnig má benda á að ágangur gæsa leiðir til aukinnar notkunar á tilbúnum áburði sem hlýtur að teljast óæskilegt vegna umhverfissjónarmiða og kostnaðar.

2. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnespings

Búnaðarþing 2009 leggur til að ákveðin verði æskileg stofnstærð á álft. Leyfðar verði veiðar á þeim fuglum sem eru umfram stofnstærð. Veiðar og veiðileyfi verði með svipuðu fyrirkomulagi og hreindýraveiðar þar sem landeigandinn hefur tekjur af veiðinni.

Ályktun

Álftir og gæsir

Markmið

Búnaðarþing 2009 ítrekar mikilvægi þess að dregið verði úr tjóni af völdum álfta og gæsa.

Leiðir

- Að meta með faglegum hætti tjón af völdum álfta og gæsa á ræktarlöndum.
- Að bæta skilvirkni stjórnvalda við veitingu undanþága frá friðun fugla þar sem um tjón af völdum þeirra er að ræða.

Framgangur máls

Stjórn BÍ beiti sér fyrir því að matsskýrsla um tjón af völdum álfta og gæsa á ræktarlöndum verði unnin.

Stjórn BÍ komi tilmælum um skilvirkari stjórnsýslu á framfæri við stjórnvöld.

Edda Björnsdóttir
Guðni Einarsson
Jón Benediktsson
Jónas Helgason
Nanna Jónsdóttir
Sædís Guðlaugsdóttir

32. Nýting á lífrænum úrgangi

Erindi Sambands íslenskra loðdýrabænda

Búnaðarþing felur stjórn BÍ að beita sér fyrir því að settur verði á stofn starfshópur sem hafi það að markmiði að finna leiðir til að nýta á sem skynsamlegastan hátt þau hráefni sem til falla við matvælavinnslu í landinu. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum Bændasamtakanna, loðdýrabænda, afurðastöðva, Umhverfisráðuneytis, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Markmið hópsins verði að hámarka nýtingu úrgangsins þannig að hann skili þjóðarþúinu í heild sem allra mestum tekjum þegar á heildina er litið.

Greinargerð

Til þessa hefur verið fargað stórum hluta þess úrgangs sem til fellur við slátrun og vinnslu fisk- og sláturafurða. Ljóst er að verulegan hluta þess sem fargað er má nýta til verðmætasköpunar. Sem dæmi má nefna að þau 6.500 tonn af fisk- og sláturúrgangi sem loðdýrarækt á Íslandi nýtti til skinnaframleiðslu árið 2008 gaf 600 milljónir í útflutningstekjur fyrir þjóðarþúinu með tilheyrandi atvinnusköpun. Sé verðmætasköpunin eingöngu tengd hráefnismagninu þá þýðir þetta að hvert tonn af úrgangi sem notað var skildi eftir sig 92.300 kr.

Á Íslandi eru til staðar fóðurstöðvar sem eru í dag að framleiða fóður fyrir loðdýrabændur. Með því að gera tvær þeirra (eina á Suðurlandi og eina á Norðurlandi), að stórum og öflum eyðingarstöðvum fyrir allan lífrænan úrgang má leysa flest öll vandamál við eyðingu hans í dag. Þessar stöðvar yrðu um leið birgðastöðvar fyrir minni fóðurstöðvar og tryggja þannig örugga fóðuröflun fyrir stækkun greinarinnar. Stærð og umsvif stöðvanna þurfa hins vegar að vera mun meiri og fjölþættari en eingöngu fóðurframleiðsla fyrir loðdýr, því þær þurfa að finna leið fyrir allan þann lífræna úrgang sem til fellur á landinu og ekki er nýttur í dag. Þar koma ýmsir möguleikar til greina eins t.d. vinnsla á eldsneyti, gæludýrafóður, jarðgerð og síðan útflutningur ef ekki er hægt að nýta vöruna til frekari verðmætasköpunar hér á landi. Um þetta eiga Bændasamtökin, bændur, afurðastöðvar og ríkið að taka höndum saman.

Ályktun

Nýting á lífrænum úrgangi

Markmið

Búnaðarþing 2009 vekur athygli stjórnar BÍ á mikilvægi þess að finna leiðir til þess að nýta á sem skynsamlegastan hátt þau hráefni sem til falla við matvælavinnslu í landinu. Einnig til að auka fóðuröryggi í loðdýraræktinni.

Leiðir

Að skipa starfshóp sem fjallar faglega um málið.

Framgangur máls

Stjórn BÍ beiti sér fyrir því að settur verði á stofn starfshópur skipaður fulltrúum Bændasamtakanna, loðdýrabænda, afurðastöðva, Umhverfissráðuneytis, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og Samtaka iðnaðarins.

Edda Björnsdóttir
Guðni Einarsson
Jón Benediktsson
Jónas Helgason
Nanna Jónsdóttir
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson
Sædís Guðlaugsdóttir

33. Skýrsluhald í jarðrækt

Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Búnaðarþing 2009 hvetur stjórn BÍ til þess að vinna áfram markvisst að uppbyggingu skýrsluhalds í jarðrækt og stuðla að almennri þátttöku bænda í því.

Greinargerð

Ljóst er að framundan eru breytingar á styrkjakerfinu sem kalla á aukið skýrsluhald í jarðrækt. Með markvissu átaksverkefni á þessu sviði verða bændur betur búnir undir það sem koma skal. Einnig má ætla að það verði bændum til hjálpar til að takast á við aukinn rekstrarkostnað.

Niðurstaða: Erindið kemur ekki úr nefnd

34. Rafmengun

Erindi Búnaðarsambands Austurlands um rafmagn, rafmengun og frágang rafmagns í sveitum

Búnaðarþing 2009 beinir því til stjórnar BÍ að hún sjái til þess að gerð verði fagleg úttekt á frágangi rafmagns í sveitum og hugsanleg tengsl rafmengunar við vanheilsu búfjár og jafnvel manna. Einnig þarf að skoða hvort rekja megi alvarlega bruna í gripahúsum að undanfögnu til ónógs frágangs jarðskauta.

Greinargerð

Erindi þetta er í raun tvískipt, annars vegar að skoða þátt rafveitna í að ganga frá rafmagni skv. gildandi reglum; hins vegar sá hluti sem snýr að búfé og hvernig rafmagn eða öllu heldur rafmengun getur haft skaðleg áhrif á skepnumar.

Árið 1998 sendi BsA samskonar erindi til búnaðarþings. Ljóst er að vandinn hefur síður en svo minnkað síðan þá. Svo virðist sem saman fari athugasemdir um heilsu búfjár og skorti á frágang jarðskauta við hús og hýbýli. Reynslan sýnir að þar sem bætt hefur verið úr og hús jarðtengd rækilega, hefur gripum og mönnum liðið betur og ýmis óþægindi og kvillar horfið.

Vegna þess hve umdeild tilvist og áhrif rafmengunar er ennþá, er nauðsyn að fram fari í fyrsta lagi skráning á þeim bæjum, þar sem bændur eru ósáttir við heilsufar og afurðir búfjár síns og hvað telst hafa breyst eftir að rafmagn hefur verið lagað. Síðan þarf að rannsaka og bera saman þar sem rafmagn er „í ólagi“ og síðan í „topplagi“.

Að lokum skal bent á að erindi BsA frá 1998 er enn í fullu gildi.

Niðurstaða: Máli vísað til stjórnar BÍ

